

**15. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
15. apríl 2021, kl. 15:15.**

Fundinn sátu:

Valgerður Sævarsdóttir, Helgi Kjartansson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni D. Danielsson og Benedikt Skúlason.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Uppbygging vega á hjólhýsasvæði Laugarvatni - 2104004

Beiðni Fýlsins sf um að Bláskógabyggð komi að lagfæringu vega inni á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni vegna skemmda sökum vatnavaxta.

Lögð var fram beiðni Fýlsins sf frá 8. apríl þar sem gerð er grein fyrir skemmdum á vegum inni á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni vegna vatnavaxta og óskað eftir að Bláskógabyggð komi að lagfæringu vega. Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að skoða aðstæður og láta gera nauðsynlegar lagfæringar á veginum.

2. Innheimta vanskila vegna hitaveitu - 2104005

Innheimta vanskila vegna hitaveitu

Farið var yfir stöðu vanskila.

3. Ástandsskoðun Álfaborgar, gamla húsnæðis - 2005050

Skýrsla Ríkharðs Kristjánssonar um úttekt á ástandi gömlu Álfaborgar.

Lögð var fram skýrsla um úttekt á húsnæði gömlu Álfaborgar, Reykholti, þar sem gerðar eru tillögur að aðgerðum til að lagfæra húsið, annars vegar í kjallara og hins vegar á þaki. Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að láta vinna kostnaðarmat á tillögnum.

4. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Kaup á hreinsistöð fráveitu í Reykholti, áður á dagskrá á 14. fundi.

Lagt var fram tilboð í hreinsistöð ásamt upplýsingum um flutningskostnað. Framkvæmda- og veitunefnd staðfestir tilboðið fyrir sitt leyti.

5. Gjaldskrá hitaveitu - breytingar 2021 - 2104018

Tillaga um breytingar á gjaldskrá hitaveitu, aukamælar. Einnig til skoðunar framsetning heimæðargjalda.

Farið var yfir gjaldskrá hitaveitu. Fyrir liggur tillaga veitustjóra um gjald vegna aukamæla hitaveitu. Framkvæmda- og veitunefnd felur sveitarstjóra og sviðsstjóra að gera tillögu að útfærslu heimæðargjalda og aukamæla.

6. Leikskólalóð Laugarvatni, viðhald - 2006014

Tillaga að skipulagi leikskólalóðar á Laugarvatni.

Farið var yfir tillögu að skipulagi leikskólalóðarinnar. Tillagan verður kynnt foreldrum á fundi í næstu viku og mun kostnaðaráætlun og áfangaskipting liggja fyrir í framhaldi af því. Gert var ráð fyrir 3,5 mkr í viðhald í fjárhagsáætlun vegna leikskólans á Laugarvatni, þ.e. hús og lóð.


7. Hönnun fráveitu Laugarvatni - 2006019

Hönnun og kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við fráveitu á Laugarvatni.


Lögð var fram kostnaðaráætlun og yfirlit yfir hönnun fráveitu á Laugarvatni. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leitað verði verðtilboða í 1. áfanga verksins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'AS', 'HAR', and others.


Fundi slitið kl. 16:45.



Valgerður Sævarsdóttir




Helgi Kjartansson



Axel Sæland



Ásta Stefánsdóttir



Bjarni D. Danielsson



Benedikt Skúlason